

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2020/427****2022/EES/18/33****frá 13. janúar 2020****um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar  
tilteknar ítarlegar reglur um framleiðslu á lífrænt ræktuðum vörum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 <sup>(1)</sup>, einkum 12. gr. (e-liður 2. mgr.), 14. gr. (c-liður 2. mgr.) og 15. gr. (a- og d-liður 2. mgr.),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í III. kafla reglugerðar (ESB) 2018/848 er mælt fyrir um almennar framleiðslureglur um lífrænt ræktaðar vörur og í II. viðauka við þá reglugerð eru settar fram ítarlegar reglur um framleiðslu.
- 2) Við framleiðslu á spíruðu fræi nota unglönturnar einungis varaforðann í fræjunum til að spíra og þeirra er neytt beint sem matvæla og þess vegna ættu fræ, sem eru notuð til framleiðslu á spíruðu fræi, að vera lífræn.
- 3) Að því er varðar fóðrun býflugnasambúa þar sem lifun sambúsins er í hættu vegna veðurfarsskilyrða gæti sá möguleiki að nota frjókorn úr lífrænni býrækt komið í veg fyrir að lirfurnar svelti. Til að auka líkurnar á því að sambúin lifi þykir rétt að leyfa að býflugnasambú séu einnig fóðruð á lífrænum frjókornum.
- 4) Að því er varðar kröfur um uppruna lagareldisdýra, einkum framleiðslu ungvíðis, einkennist lirfueldi af þremur fösum: klak eggja og frumbjarga fasi þar sem lirfurnar nærast á varaforðanum úr kviðpokanum, ófrumbjarga fasi þar sem lirfurnar eru fóðraðar á svifi og síðasti fasinn þar sem lirfurnar eru vandar á nýtt fóðrunarfyrirkomulag. Þar eð lirfurnar í þessum síðasta fasa þroskast í ungvíði ætti að kveða á um ný skilyrði fyrir framleiðslu ungvíðis þar sem nýjasta þekkingin um geirann er felld þar inn í samræmi við meginreglur um lífræna framleiðslu.
- 5) Núverandi reglur um fóður fyrir lagareldisdýr, sem eru kjötætur, innihalda almennar magntakmarkanir á fóður úr jurtaríkinu. Þar eð fæðan, sem af þessu leiðir, uppfyllir ekki næringarlegar þarfir allra tegunda og þróunarstiga ætti að afnema þessar takmarkanir.
- 6) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 til samræmis við það.
- 7) Til glöggvunar og í þágu réttarvissu ætti þessi reglugerð að gilda frá þeim degi sem reglugerð (ESB) 2018/848 kemur til framkvæmda.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 87, 23.3.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. janúar 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 1.3. í I. hluta kemur eftirfarandi:

„1.3. Þrátt fyrir lið 1.1 skal heimilt að framleiða spíruð fræ, að því tilskildu að fræin séu lífræn, og framleiða jólasalat m.a. með dýfingu í tært vatn.“

2) Í stað b-liðar í lið 1.9.6.2 í II. hluta kemur eftirfarandi:

„b) fóðrun býflugnasambúa er eingöngu heimil ef afkomu sambúsins er stefnt í hættu vegna loftslagsskilyrða. Í slíku tilviki skal fóðra býflugnasambú á lífrænt framleiddu hunangi, lífrænum fjórkornum, lífrænt framleiddu sykursyrópi eða lífrænt framleiddum sykri.“

3) Ákvæðum III. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í lið 3.1.2 er eftirfarandi lið bætt við:

„3.1.2.3. Framleiðsla ungvíðis

Við eldi seiða af sjávarfiskategundum má nota eldiskerfi (helst „hermieldiskerfi“ (e. *mesocosm*) eða „eldi í stórum stíl“). Þessi eldiskerfi skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) upphaflegur þéttleiki skal vera minni en 20 egg eða lirlur á hvern lítra,

b) lirfueldistankurinn skal vera a.m.k. 20 m<sup>3</sup> að rúmmáli og

c) lirfurnar skulu nærast á náttúrulegu svifi sem þroskast í tanknum að viðbættu, eins og við á, svifi og dýrasvifi sem er framleitt annars staðar.“

b) Í stað e-liðar í lið 3.1.3.3 kemur eftirfarandi:

„e) lífrænt framleidd fóðurefni úr jurta- eða dýraríkinu.“

---